

## Að vakna



*Fiskivegur*

Fyrir mörgum árum var ég beðin um að gerast ármaður. Gerði ég það og fannst nokkur ábyrgð í því falin. Embættið fól í sér að ganga um snemma morguns á heimavistinni og vekja skólafélaga mína í menntaskóla sem áttu ekki vekjaralukku eða voru alltaf sofandi þegar hún hringdi! Þessu mætti líkja saman við stofnendur Ármanna sem á sínum tíma voru snemma á ferð og vöktu menn til vitundar um þá íþrótt að veiða fisk með flugum.

Núna vaknar maður við hjartari morgna og lengri daga eftir dimman vetur. Það er vor í lofti. Einhver undarleg tilfinning kviknar hjá manni og öll hugsun skýrist. Stöku él truflar ekki þennann einbeitta veiðivilja. Hver er lækningin? Hún er ekki til en það sem slær á verstu einkennin er að finna líklega veiðistaði og festa sér leyfi til veiða næsta sumar. Í framhaldi af því þarf svo að vita allt um viðkomandi veiðisvæði. Þá meina ég allt. Ef þú ert heppinn, sem er æði oft þegar þú ert Ármaður, finnur maður velviljaða reynslubolta sem þekkja til á svæðinu. Sannir Ármenn liggja

heldur ekki á upplýsingunum sem mann vantar og fyrirfram fyllist maður af sæluvímu vegna komandi upplifunar á veiðistað. En þessháttar víma rennur af manni áður en tímabilið byrjar. Þá er gott að fá uppáskrifaðan fluguseðil hjá fyrrnefndum reynsluboltum til að upplifa tilhlökkunina áfram. Fluguseðillinn samanstendur af flugum sem þarf að hnýta fyrir viðkomandi veiðisvæði og eru þær ávísun á snarpur tókur og slitna tauma.

Á mánudögum eru hnýtingakvöld í Árósum. Þar hefur verið hnýtt nánast á hverju mánudagskvöldi síðan í októberlok. Margir mjög góðir og aðrir betri hnýtatarar hafa komið í heimsókn og ávallt verið auðvelt að fá góð ráð hjá reyndari snillingum sem, venjulega, láta lítið fyrir sér fara á svona samverustundum.

Fræðsluerindi eru einnig flutt reglulega í Árósum og sjaldan hefur verið jafn mikið framundan í þeim efnum. Hvet ég félagsmenn til að koma og hlýða á erindi um fiskisjúkdóma, veiðisvæði eða skyndihjálpi á veiðistað svo fátt eitt sé nefnt.

Í apríl verða svo fastir liðir eins og Vorblót og Hlíðarvatnshreinsun. Þægilegast er að fylgjast með fyrirhugaðri dagskrá á heimasíðu okkar undir liðnum Vetrarstarf.

Ég vill vekja athygli á mörgum góðum veiðidögum sem nú eru lausir til umsóknar hjá okkur og eru upplýsingar um það annarsstaðar í blaðinu. Þar eru margir hóflega verðlagðir síðsumardagar enn lausir við Hlíðarvatn og eins eru lokkandi dagar lausir við Grímsá með góða sjóbirtingsvon. Skógá er nú risin úr öskustónni og þar er gott holl laust í september. Í Svartá eru margir dagar í boði og er hún af mörgum talin krefjandi silungsveiðiá.

Nú er bara að þrauka í fáar vikur í viðbót þar til ísa leysir af veiðivötnum og að líf kvikni á veiðislóð.

Starfsemi félagsins er nokkuð fjölbreytt. Er það von mín að flestir finni eitthvað við sitt hæfi og fari með gát að öllu lífi og virði annann mann svo notuð séu orð úr siðareglum okkar.

*Eiríkur Indriði #737*

## Rabbað við Ármann nr. 132 um sambúð manns og náttúru í Vopnafirði, sameiginlega hagsmuni veiðimanna og hversu mikið vatn þarf í prentletur til þess að silungur sjáist vaka í því

Síðastliðið haust fékk stjórn Ármanna kurteislega ábendingu frá Rafni Hafnfjörð um að merki félagsins prentaðist ekki alveg nógu vel í blaðinu, hringirnir kringum uppitakið væru farnir að dofna. Rafn er löngu landsþekktur fyrir ljósmyndir sínar. Árið 1954 stofnaði hann, ásamt öðrum Hafnfirðingi, Kristni Sigurjónssyni, prentsmiðjuna Litbrá, sem lengi var brautryðjandi hér á landi í vandaðri litprentun og hvers kyns gæðaprentun. Rafn fékk snemma áhuga á ljósmyndun, tók próf í offsetljósmyndun og offsetprentun. Í prentverkinu beindist áhugi hans að listrænni hönnun prentgripa sem allir bera höfundu sínum fagur vitni. Í hjáverkum varð einhvern veginn sjálf-sagt og eðlilegt að búa til hvers kyns merki og tákn þegar þörf var á. Eitt þeirra var merki Ármanna.

Ég þekkti vel nokkra af þeim sem stofnuðu Ármenn 1973 en gerðist ekki stofnandi því ég vildi sjá hvernig þeim reiddi af. Ég hafði þá svo til eingöngu veitt á flugu í hartnær 20 ár og við Jón Hjartarson (#64, fyrsti formaður Ármanna), Guðmundur Árnason (#32) og Orri Vigfússon (#167, stofnandi NASF) höfðum um nokkura ára skeið haldið fluguhnýtingarkvöld til skiptis heima hjá hvor öðrum. En ég sá að þetta gekk vel hjá þeim og gekk fljótlega í félagið, en ekki sist fyrir það að Kolbeinn Grímsson (#73) vann hjá mér og við ræddum oft saman um fluguveiði.

Við tókum hann eiginlega af bryggjunni, því hann hafði verið í bryggjasmíði, en við vorum þá með prentsmiðjuna niður hjá Slipp, á Mýragötu. Við tókum strax tvo lærlinga og Kolbein nokkru síðar. Hann kom nokkrum sinnum í prentsmiðjuna því þau Hrefna konan hans þekktu Kristin vel. Nema hann heillast svo af fyrirtækinu og prentiðinni, sem varð til þess að við tókum hann sem lærling og útskrifuðum hann sem filmugerðarmann, í filmu- og plötugerð, sem kallað var grafísk hönnun í þá daga. Hann starfaði hjá okkur í 20 ár.



Hluti stórfjölskyldunnar við Ármannahúsið 1982



Afi aðstoðar barnabarn, Kristínu Hjartardóttur í fremri Rangá

Þetta bar þannig til að Jón Hjartarson kom að máli við mig og bað mig um að teikna merki (lógó) fyrir Ármenn því ég hafði teiknað nokkur slík áður og meðal annars fengið verðlaun. Ég lagðist undir feld í nokkra daga, aðallega til að finna letur sem hentaði þeirri hugmynd sem ég gekk með. Þetta vaðist fyrir mér en loksins fann ég nú letrið sem mér líkaði, með þykka fætur, í svissnesku blaði sem ég var áskrifandi að og hét GRAPHIS. Og þá var að tengja letrið saman til að mynda einskonar vatnsflöt og koma í það táknrænu uppitaki.

Ég klippti letrið út og mæti með það á ljósaborðið hjá Kolbeini. Ég var þá búinn að skrifa „Ármenn“ með blýanti og teikna uppitak inná blaðið og sagði að við skyldum gera þetta í sameiningu. Svo fórum við að raða þessu saman á ljósaborðinu hjá honum og það endaði með því að ég fer með merkið til Jóns, sem hann ásamt öðrum í stjórninni samþykkti.

Merkið er mjög vandmeðfarið vegna þessara grönnu lína sem ganga í gegn um letrið og nú í seinni tíð er ég að fá bæði fréttabréfið og annað, þar sem línurnar eru næstum því horfnar og þar með hugmyndin að merkinu. Liturinn er heldur ekki eins dökkur og hann var upphaflega. Eðlilega særir þetta mínar viðkvæmu tilfinningar, svo ég tók mig til og hannaði merkið að nýju með heldur breiðari línunum. Það er svo miklu auðveldara að gera þetta núna í tölvunni heldur en 1973 þegar gera þurfti allt frihendis og með skapalóni, límbandi og reglustiku á ljósaborði.

Svo datt mér í hug nýlega að setja sama uppitak í Áróður til að tengja þetta betur saman. Það er ekki unnt að nota letrið eins og það er, því það er ekki nógu mikið vatn í því. Ég fann annað þykkara letur og það á eftir að koma í ljós hvernig mönnum líkar það.

Það er nú svo með mörg merki að

það þarf oft að breyta þeim eilítið þegar þau minnka mikið eða stækka og þá þarf oftast að leita til höfundarins með slíkar breytingar, t.d. þarf barmmerki oft að vera í öðrum hlutföllum en skilti á húsi, svo dæmi sé tekið.

### Útsýni yfir veiðislóð

Við Sigbjörn Kjartansson (#726) látum fara vel um okkur í stofu hjá þeim Rafni og Kristínu Jóhannsdóttur, þar sem sjá má yfir Elliðaavatn og Bugðu út um gluggana. Hvaða máli skiptir að hafa útsýni yfir veiðislóð?

Heilmiklu. Við bjuggum áður í Austurgerði og höfðum þar gott útsýni yfir Elliðaárdalinn. Ég átti góðan sjónauka og gat fylgst með því sem menn voru að bauka við ána. Þá hringdi ég stundum í Garðar Þórhallson sem var formaður Elliðaárnefndar og hann náði einu sinni mönnum sem voru búnir að húkka marga laxa við Rafstöðina og settu alltaf í sköttið. Æjá, ég sá ýmislegt þarna leiðinlegt.

En svo var einu sinni vinur minn að veiða þarna, Hörður Óskarsson, mikill fluguveiðimaður, og var í Streng. Svo vissi ég að hann hætti kl. 9 í Elliðaárdalinn og hringdi heim til hans: „Mikið rosalega tók hann vel þarna hjá þér Jock Scott áðan.“ „Hvernig veist þú það?“ „Nú ég var með sjónaukann heima og sá hvaða flugu þú settir á.“ Ég vissi að hann var oftast með Jock Scott — það var svo einfalt — segir Rafn og hlær við.

### Með hrífusköft og önnur veiðiprik

Ég ólst upp í Hafnarfirði og byrjaði að veiða sjóbirting áttu ára (1936) með seglgarni og kolaöngli á ca 30 sm trébut. Þá gekk töluvert af sjóbirtingi í Lækinn í Hafnarfirði og gerir sennilega enn.

Annað skref var að veiða á hrífusköft

eða kútskaft. Næstu dagar, mánuðir og ár fóru í að bæta tæknina. Í fyrstu var það lengri spýta, hálf túsú sköft og mýkri lína. Seglgarni var full hart og þar af leiðandi óþjálmt, svo ég varð mér úti um brúna línu sem notuð var til netagerðar. Hún var bæði grennri og mýkri og því auðveldara að slengja agninu út. Einnig útbjó ég einskonar flot úr korki og fyrstu sökkurnar voru að sjálfsögðu steinvölur; — síðan blýsökkur sem ég bjó til úr tindátunum mínum.

Næsta skref var að eignast veiðistöng, hjól, alvöru línu og öngla.

Ég minnst fyrstu verslunarferðarinnar til Reykjavíkur með Viggó frænda. Það var farið í tvær verslanir, Sportvöruhúsið, á horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis, sem var algjör ævintýraheimur vegna fjölbreytni og gæða í veiðitækjum, og Nora-Magazin við hliðina á Hótel Borg við Austurvöll, sem var einskonar Hagkaup þeirra tíma því þar fékkst allt milli himins og jarðar að mér fannst. Við keyptum spæni og öngla í Sportvöruhúsinu en stöng, hjól og línu í Nora-Magazin.

Stöngin var úr hulu járn í tveimur hlutum, um það bil 7 fet og eiginlega hvorki flugu- né kaststöng. Þó hefði hún betur hentað sem kaststöng hefðu verið til spinnhjól. Hjólið var ósköp lítið og ræfilslegt, um 7 sm í þvermál, en fór stangarömyndinni nokkuð vel og fallett var hljóðið í því. Segja má að gott samræmi hafi verið í þessum einföldu og látlausu græjum. Ég held að stoltið og sjálfvirkningin hafi lyft litlum veiðimanni upp á æðra svið er hann gekk hnarreistur næsta dag niður að Læk með alvöru veiðigræjum á öxlinni.

### Veitt í Norðurárdal

Með þessa stöng fór ég í sveit að Uppsölum í Norðurárdal um 1941. Uppsalar voru næsti bær austan við Glitstaði, en lögdust í eyði er Eiríkur bóndi á Glitstöðum keypti jörðina. Strax og ég kom að Uppsölum fór ég að veiða í bæjarlæknum sem kom úr brunni sem allt vatn var sótt í. Brunnenann hafði Guðmundur góði vígt og má því segja að ég hafi byrjað veiðiskapinn í vígðu vatni. Síðar fór ég að veiða í Karlsdalslæk, því þar voru mun stærri silungar. Karlsdalur liggur milli Norðurárdals og Þverárhliðar.

Um haustið gaf Friðjón Jónsson bóndi mér bambusstöng með snúnum virlykkjum, 14 feta langa eða meira. Stangir þessar voru skornar ofan af stöngum sem íþróttamenn notuðu til stangarstöcks. Hún var alltaf geymd



Dagsveiði úr Hlíðarvatni

uppi á fjósþakinu sem var úr torfi. Eftir að ég fékk þá stöng má segja að alvöruveiði hafi byrjað hjá mér, því þá fór ég að fara lengra frá bænum, að Fiskivatni og Hólmavatni uppi á Grjóthálsi, sem skilur að Norðurárdal og Þverárhlið. Þarna notaðist ég við litla ána-maðka sem ég fann í hrossataði og undir steinum.

Veiðiaðferðin sem ég notaði var þannig að ég lagði stöngina við vatnsbakkann og gekk svo með egndan öngulinn 10 til 20 metra frá bakkannum og lagði á stein, gekk aftur að stönginni og slengdi agninu út eins langt og línann leyfði. Þannig veiddi ég öll þau sumur sem ég var þarna — og veiddi vel. Þetta voru allt urriðar, mest tveggja punda fiskar og minna, en stöku sinnum fengust góðir urriðar, 3-4 pund.

Eitt sinn veiddi ég svo mikið í Fiskivatni að ég gat ekki borið aflann heim. Sem betur fer voru hestarnir heimavið þannig að við Friðjón gátum sótt veiðina ríðandi og reiddum hana á klyfbera á þriðja hestinum.

Öll þessi veiði var alltaf söltuð í sérstaka ámu og þegar ég kom vorið eftir, voru stundum dreggjjar frá sumrinu áður. Ég var því fljótur að skokka upp

í Fiskivatn og er ég kom með nýmetið var dreggjunum hent.

Síðar á ævinni ætlaði ég að sýna fjölskyldunni þessar veiðislóðir æsku minnar. Í fyrra skiptið urðum við ekki vör, en það tókst betur í síðara sinnið.

### Veiðifélag og klíkur

Rafn hefur alla tíð tekið þátt í félagsstarfi og látið sig varða heildarhagsmuni stangaveiðimanna.

Ég fer að læra skyldingar hjá Klemenz Jónssyni leikara og kynnist þar Sigurði Magnússyni, syni Magnúsar frá Ofanleiti, eins stofnanda Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Hann fer að tala um að ég verði að ganga í félagið svo við getum veitt saman í Elliðaánum. Þau Magnús og kona hans, Jóhanna Zoëga, sem rak litlu blómabúðina í Bankastræti, áttu sumarbústað við Höfuðhyl í Elliðaánum svo þú getur ímyndað þér hvað það var stutt fyrir þau að fara í veiði.

Á þessum tíma var ekkert veiðifélag í Hafnarfirði og þetta var eini félagskapurinn. Ég geng í félagið 1951 en þá var í undirbúningi að stofna félag í Hafnarfirði.

Við Kristín giftum okkur 1950 og um þetta leyti vorum við að koma okkur fyrir í gömlu húsi við Bergstaðastræti sem við vorum að innrétta, og mér fannst ég aldrei hafa efni á inntökugjaldinu. En þar kom að frúin samþykkti að ég setti í þetta 500 krónur, það voru hálf vikulaun. Þetta er fyrsta félagið sem ég geng í og nú er ég félagi númer 9 af um fjögur þúsund.

Við Sigurður byrjum auðvitað að veiða í Elliðaánum og fórum svo í Norðurá. Við vorum búnir að veiða þar í fimm til sex ár en fengum aldrei góðan tíma. Stjórnin og vinir þeirra fengu alltaf besta tímann. Svo við fáum fund með stjórninni og ræðum um þennan klíkuskap, og að engin loforð um betri tíma hafi staðist, en það hafði engin áhrif. Þá hótuðum við að stofna annað félag. Viggó Jónsson, sem rak sælgætisgerðina Freyju, var þá formaður og hann segir við okkur: „Bless-

**Stjórn Ármanna langar að þakka félagi #275 Þorsteini Stefánssyni fyrir hugulsama peningagjöf til styrktar félaginu. Sjálfur taldi hann þetta smáræði og vildi lítið úr gera. En okkur finnst að hugur hans í garð félagsins sé dýrmætastur. Takk Þorsteinn!**

Stjórnin.

**Scott**  
flugustangir

SÖLUSTAÐIR:

Reykjavík: Intersport og Veiðiportið

Akureyri: Hornið



Tvívurarnir Birna og Hrafnhildur (12 ára) að undirbúa veislu með urriðum úr Eilífsvatni, úti í Guðsgrænni náttúrunni

aðir gerið þið það,“ því það hvarflaði ekki að honum að við, þessir guttar, mundu gera alvöru úr því.

Úr því við fengum ekki veiðileyfin sem við sóttumst eftir var ekki eftir svo miklu að slægjast í félaginu, það var engin fræðsla, engir fundir, í rauninni ekkert félagslíf nema árshátíðirnar, sem voru frægjar, best sóttu árshátíðirnar í Reykjavík, karlarnir í smóking og allt svolítið snobblegt.

### Ungir menn gera uppreisn

En það voru ekki bara við sem vorum óánægðir, heldur margir aðrir. Við höfðum saman 16 mönnum og stofnum Stangaveiðifélagsið Streng árið 1959. Tilefnið var auðvitað að við fengum ekki þau veiðileyfi sem við vildum, en aðalástæðan var samt sú það var engin fræðsla í þessu félagi, það voru aldrei neindir fræðslufundir — aldrei. Í raun og veru ekkert félagslíf. Þeir höfðu heldur ekki þá aðstöðu sem félagið er í núna, heldur var það í litlu þröngu húsnæði á Bergstaðastræti.

Fljótlega kom upp sú hugsun hjá okkur að kaupa land að ám og vötnum

til þess að þurfa ekki að standa í stanslausum yfirboðum í leigu á veiðirétti. Þetta var stærsta málið hjá okkur. Við skiptum með okkur verkum. Sumir í hópnum voru enn í námi erlendis en þeir sem höfðu tök á fóru um landið til að leita að jörðum sem unnt var að kaupa.

Við skoðuðum allt landið, aðallega Vesturland en síðan Norðurland og Austurland og fengum að veiða í öllum þessum ám. Við lögðum fyrir stjórnina að kaupa Lambadal í Dýrafirði, en jörðinni fylgdi veiðiréttur í Lambadalsá öðrum megin. Þeim leist ekki á svo litla veiði og áin of köld fyrir lax, bara bleikja. Það endaði með því að við fimm keyptum jörðina saman fyrir litinn pening og fórum þarna tvisvar til veiða, en bleikjan var ekki komin, var bara við ósinn. Sonur bóndans sem átti landið á móti var að byrja búskap og vildi eignast jörðina, og svo fór að við seldum honum hana.

### Byrjað í Borgarfirði

Strax fyrsta árið tókum við á leigu Straumana í Hvítá og Hópið, neðsta

hluta Gljúfurár. Við misstum Straumana fljótlega en héldum hinum svæðunum lengur. En við kynntumst bændum í Borgarfirði sem sögðu okkur frá góðu veiðivatni, Langavatni á Mýrum. Við sömduðum við þá 1961 um að taka vatnið á leigu til tíu ára gegn því að leggja veg að vatninu. Fyrst fórum við ríðandi til veiðanna og allir voru í tjöldum. Þetta var stórmál, einir tuttugu kílómetrar frá bænum Gljúfurá og yfir heiðina að fara, en við fengum til verksins góðan ýtumann og unnum sjálfir allar helgar með haka og skóflu til að lagfæra veginn. Þetta var mjög skemmtilegt, og bændur voru ánægðir því nú gátu þeir keyrt að leitarmannakofa sem þarna var. En þeir komu ekkert að vegagerðinni, þetta var algerlega okkar mál.

Þarna veiddum við í mörg ár, — tíu ár. Við þennan gjörning kom upp þessi fjölskylduveiðihugi minn. Konan, börnin og aðrir komu alltaf með. Ég á stórkostlegar minningar frá þessum tíma, og margar myndir af okkur í tjöldum og á báti sem við komum okkur upp við veiðarnar.

Meðan við vorum þarna skoðuðum við aðra möguleika, til dæmis á Norðurlandi. Þar vorum við um tíma með tvo fimmtu af Hrutafjarðará móti Sverri Hermannssyni. Og við fórum alla leið austur í Bakkáflóa. Þar rennur Miðfjarðará og þar fengum við eitt holl 1962. Við gátum fengið keypta jörð sem átti stóran hlut í ánni en félagið átti litla peninga. Við héldum fundi mánadaglega og lögðum alltaf fram árgjald í svólitinn sjóð, en þeir voru á móti þessu piltarnir sem voru ennþá að læra, höfðu ekki ráð á þessu, svo við slepptum því.

Þar fékk ég skemmtilegan 18 punda lax — á flugu því ég veiddi helst ekki á annað. Þetta var svolítið sérstakt. Laxinn tók í djúpum hyl og strikaði svo niður hylinn. Þarna stóð klettur vel út í ána sem ég komst ekki fyrir og hélt ég mundi missa hann. En svo gat ég lokkað hann upp eftir, alveg upp að landi og allan tímann fylgdi annar, fast við hliðina á honum. Ég var þarna einn, félagar mínir voru svolítið ofar við ána, og ég ekki með neinn háf. En þarna gat ég valið um að taka þann sem flugan var í eða hinn sem fylgdi. Ég tók auðvitað þann sem var á. Ég var svo ánægður með þetta að ég hljóp til félaganna til að sýna þeim laxinn.

### Laxá í Leirársveit

Meðan við vorum að bralla þetta vorum við með Laxá í Leirársveit á leigu og leigðum hana út til að reyna að hagnast á henni því félagsgjöldin dugðu skammt. Þar veiddu bæði Íslendingar og útlendingar.

Við vorum með ána í 5 eða 7 ár, frá Eyrarfossi og niður úr. Við markaðssettum þetta gegnum vini okkar og félagi sem voru í sambandi við aðra veiðimenn og útlendinga, og þannig gekk þetta upp. Við þekktum Kristján í Crystal, og hann keypti af okkur einar tvær vikur á hverju sumri og gat selt þær útlendingum á einhverju verði sem við vissum ekki hvert var. En svo skeður það að bændur fundu peningalykt af útlendingunum sem þarna voru. Kristján í Crystal yfirbaud okkur ásamt einhverjum öðrum, en í sárabætur fengum við ána frá Eyrarfossi upp í Eyrarvatn. Við fossinn var laxastigi úr timbri, orðinn býsna lélegur, og við þurftum að lappa uppá hann á hverju vori. Það vissi enginn hver veiðin var þarna því það hafði aldrei einn lax verið bókaður þótt vitað væri að fólk hefði verið þar við veiðar.

Því voru skiptar skoðanir í félaginu um það hvort við ættum að ráðast í þetta. Við gátum fengið svæðið til tíu ára gegn því að byggja þar veiðihús. Þarna var ein stöng leyfð og við ætluðum ekki að trúa því hver veiðin var. Við veiddum svo til eingöngu á flugu og algengt var að fá tíu laxa á dag, jafnvel 20, 30 og upp í 40, en algengt samt að fá tíu. Veiðin þarna var lygilega góð — og þessum ummælum til sönnunar sækir Rafn gamlar veiðbækur frá þessum tíma sem staðfesta hvert orð.

### Draumarnir rætast við Selá

Þrjár félagar okkar skoðuðu ár í Vopnafirði sumarið 1962. Þeir ríðu með einni ánni og þegar þeir komu til baka sögðust þeir aldrei hafa séð falletgrá á — þetta var Selá. Vissulega voru nokkrir gallar: Í fyrsta lagi var ekkert veiðihús, í öðru lagi var nótt við ósinn sem kölluð var Hámundarstaðanótin, og bóndinn á Hámundarstöðum veiddi stöðugt í þessa nótt, og þriðji gallinn var að laxinn gekk aðeins níu kílómetra upp að Selárfossi. Samningar um ána voru þá lausir og bændur höfðu ekki fengið önnur tilboð en frá Akureyringunum sem verið höfðu í ánni, og við töldum nauðsynlegt að bregðast strax við. Veiðin í ánni hafði verið 2-300 laxar á ári.

Oddur Ólafsson læknir á Vífilsstöðum og Gústaf félagi hans höfðu keypt jörðina Leifsstaði svolítið ofar við ána og við vorum í góðu sambandi við þá. Svo líða nokkur ár þar til að þeir fá samþykki veiðifélagsins til að byggja laxastiga við fossinn. Vífill, sonur Odds, er verkfræðingur og teiknaði stigann sem tekinn var í notkun 1968 og opnaðist þá 25 km langt veiðisvæði fyrir ofan. Þeir fengu styrk úr Fiskræktarsjóði en við vissum ekkert um það.

Ég veiði minn fyrsta lax í Selá árið



Rafn með 18 punda úr Vífilsfljóti í Selá

1969 og það var svolítið ævintýri. Gústaf, Oddur og Vífill höfðu verið þarna í viku og ekki fengið neinn lax. Vífill kemur þá og bauð mér að veiða á þeirra svæði. Við tjölduðum við lítinn læk í túninu á Leifsstöðum. Frá bænum og tjaldinu var stutt að labba að Leifsstaðahyl, og þar kemur hlaupandi Oddur, sonur Vífils, sem þá var sjö ára. Ég kasta þarna minni uppáhaldsflugu, Vulturine Blue Elver nr. 6 — og það er lax á í fyrsta kasti. Ég landa honum og rota. Drengurinn hoppar af ánægju, og við setjumst á stein og däumst að laxinum um stund.

„Ætlarðu ekki að kasta aftur?“ spyr strákurinn. Ég geri það og annar tók strax. Þá rétti ég drengnum stöngina og segi: „Þú verður að veiða þennan.“ Þetta var svo skemmtilegt að ég gleymi

því aldrei. Strákur tekur við stönginni, setur á öxlina, snýr frá ánni og hleypur í átt að bænum, og laxinn fleytir kerlingar á ánni og langt upp á land þar sem drengurinn kastar sér á hann. Þegar við höfðum rotað laxinn tók stráksí hann í fangið og bar heim. Þar tóku fagnandi á móti honum faðir og afi.

### Í eigin vatni

Síðar fór ég að bænum Hvammsgerði, þarna neðarlega við ána, og tala við bóndann þar. Þá var hann að bregða búi og vildi selja. Við keyptum Hvammsgerði og henni fylgdi önnur jörð, Lýtingsstaðir, því tengdasonur bóndans bjó þar og hann var þakklátur fyrir að við skyldum vilja kaupa. Við sem sagt kaupum tvær jarðir árið 1970, árið eftir að við komum þarna fyrst.

Þessi árin var hafis við landið. Árið 1968, árið sem síldin hvarf, voru allir firðir á Austurlandi fullir af hafis, allt suður að Hrollaugseyjum. Mikið kal var í túnum á Norðausturlandi og hjart-sýni á búskap var lítil. Þeir sem vildu bregða búi áttu ekki gott með það, því fáir vildu kaupa jarðirnar. En við áttum kost á að kaupa tvær jarðir og gerðum það.

Ég gagnrýndi Stangaveiðifélag Reykjavíkur fyrir að fara ekki þessa sömu leið, að kaupa jarðir með veiðirétti. Á þessum árum voru til sölu góðar jarðir, þær fengust á góðu verði og tækifærin voru mörg. Til dæmis var Stekkur við Norðurá til sölu. Þetta er svo fallett svæði, líklega eitt fallegasta veiðisvæði landsins — og svo mætti lengi telja. Magnús í Pfaff kaupir Stekk og hann er enn í eigu fjölskyldunnar.

Hugsaðu þér hver staða Stangaveiðifélagsins væri núna ef þeir hefðu farið þessa leið þegar tækifæri gafst. Þegar maður á orðið land og hlut í á þá er það er allt önnur tilfinning að veiða í sínu eigin vatni en annarra. Steinarnir sem maður gengur á, grösín, fuglarnir, hreiðrin — maður á miklu meiri hlut í umhverfinu. Síðar keyptum við hlut í Áslaugarstöðum, með þeim Oddi og Gústaf. Seinna keypti svo Strengur



Þennan dag fékk Kristín þrjá á fjadravenginn en Rafn bara tvo á Víking með hárvæng

**JOAKIM'S** Gæða flugustangir, hjól og línur sem hafa sannað sig hjá íslenskum veiðimönnum.

gsm: 698-4651 e-mail: joakims@simnet.is

Hámundarstaði og átti þá orðið hlut í fjórum jörðum við Selá.

Nú hafa allir fyrri hluthafar í Streng selt hluti sína nema einn, og nýir eigendur tekið við með eignarhluti í fleiri jörðum, svo nú á Strengur meirihluta í Selá. Þeir ætla sér að leggja veg með allri ánni, gera stiga í Efri-foss (var opnaður í ágúst 2010) og byggja nýtt veiðihús.

### Uppbyggingarstarf

Þegar við tókum Selá á leigu 1970 höfðu veiðst 73 laxar í ánni árið á undan. Strax á fyrsta ári fór talan upp í 250 laxa. En það gekk ekki alltaf vel að selja í ána fyrstu árin og stundum þurftum við sjálfir að kaupa lausa daga, hvernig sem á stóð.

Við byrjuðum á að stytta daglegan veiðitíma úr 12 tímum í 11 og fækk-uðum veiðidögum þannig að veitt var með þremur stöngum í fjóra daga og tveimur stöngum í þrjá daga, eða 18 stangardaga í viku hverri. Þegar við byrjuðum var veitt til 5. september en síðan lengdist tíminn fram í mánuðinn. Síðar settum við kvóta, menn máttu taka tvo laxa en veiða tíu.

Annað byrjunarverk var að koma upp veiðihúsi. Við gerðum upp gamla bæinn í Hvammargerði, bættum við herbergjum, fjósið var gert að borðstofu og eldhúsi, en hlaðan varð vistarvera fyrir þjónustufólk í húsinu. Í okkar hópi voru fagmenn sem gátu séð um þetta: Arkitektarnir Helgi Hjálmarsson, Haraldur Valgarð Haraldsson og Sveinn Kjarval, Vífill Oddsson verkfræðingur og Gunnar Jónsson byggingarmeistari. Þarna er sófasett sem Helgi teiknaði, föst innrétting, og borðstofuborð með þykkri plötu og stólar eftir Svein Kjarval. Þetta var tilbúið um 1978 og þá gátum við farið að leigja ána í alvöru, því það gekk mjög illa að leigja öðrum meðan aðstöðuna vantaði.

### Hámundarstaðanótin

Það kom í minn hlut að reyna að kaupa upp Hámundarstaðanótina. Við vildum kaupa hana upp en formaður veiðifélagsins, Þorsteinn Þorsteinsson á Fremri-Nýpum, sagði það tilgangslaust, hann hefði reynt það í 20 ár. „Karlinn vill hafa sína veiði, og sína nótt, hann hefur gaman af þessu og þú skalt bara sleppa þessu.“ Ég var þrjár og segi: „Má hann ekki segja nei við mig eins og ykkur? Ég bara tala við hann og hann segir þá bara nei.“ Hann svarar: „Þú ræður hvað þú gerir en þú verður fyrir vonbrigðum.“

Ég banka uppá hjá Einari bónda á Hámundarstöðum. Hann kemur til dyra, opnar í hálfa gátt og þegar hann heyrir erindið segir hann heldur hryssingslega: „Þú getur bara snúið við kallinn minn. Ég vil hafa þetta eins og það hefur verið.“ Þá fer ég með hendina inn á mig, tek upp veskið og segi: „Segðu mér hvað þú færð mikið fyrir þessa fiska og ég borga þér það sama. Þá þarftu ekkert að hafa fyrir því að hugsa um netin, hreinsa úr þeim og

hafa fyrir því að draga laxinn á land. Þú ert að gera þetta til þess að fá peninga fyrir þetta, ég skal kaupa veiðina af þér hér og nú.“ Þá opnaði hann hurðina að fullu og sagði „Jörðu svo vel.“

Við settumst sitt hvorum megin við borðið og ég spurði: „Hvað færðu mikið fyrir laxana sem þú veiðir?“ „Ég fæ 160 þúsund krónur.“ „Þá færð þú það. Ég skrifa bara tékka, gerðu svo vel.“

Ég á ennþá þennan handskrifaða samning, Einar skrifaði undir og nótin hefur ekki farið niður aftur.

Hún tók ekki bara frá Selá heldur líka frá Vesturdalsá og Hofsa en þegar leitað var eftir því að þeir tækju þátt í kaupum á nótinni vildu þeir það ekki — nema þeir við Vesturdalsá lögðu eitthvað smávegis til. Svo lögðu Oddur og Gústaf, sem höfðu efri hluta Selár á leigu, líka í þetta með okkur, og svo veiðifélagið.

Síðan var þetta tekið inn í arðskrá árinna og karlinn fékk líklega um 8 prósent af ánni. Löngu síðar, eftir að Orri Vigfússon kom inn í Streng, kaupir Norður-Atlantshafslaxsjóðurinn (NASF) þetta upp endanlega.

Þessi samningur er eitthvert það skemmtilegasta sem ég hef gert á mínum langa veiðiferli. Stórkostlegt — ævintýri. Það er skemmtilegt að gera eitthvað svona fyrir náttúruna, félagana og félagsstarfið.

### Hlé á viðtali – hálftrar milljón krónu saga úr Breiðdal

**Rafn á ókjör af ljósmyndum af náttúru Íslands og fallegum veiðistöðum, og við gerum hlé á viðtalinu til að skoða myndir. Hver mynd á sér merkilega sögu því veiðisaga Rafns er undarlega samofin sögu stangaveiða á Íslandi á síðari hluta tuttugustu aldar. Til dæmis er þessi saga úr Breiðdal.**

Bændur í Breiðdal gerðu sjálfir laxastiga í Beljanda, líklega árið 1977, en af því þeir höfðu gert stigann á



Jóhann Hafnfjörð (12 ára) með sinn fyrsta lax úr Breiðdalsá 1977



Fyrsti lax fyrir ofan Beljanda í Breiðdalsá, eftir að stiginn var gerður og Jóhann með urriða 1977

eigin spýtur fengu þeir engan styrk úr Fiskiræktarsjóði. Þeim var mikið í mun að sýna að laxinn gengi stigann en það hafði lítið gengið. Ég var þá í ljósmyndatúr, ég konan og sonurinn, en þá skellur á þoka og ekkert hægt að ljósmynda – og við fám gistingu á Staðarborg í Breiðdal. Við vorum alltaf með stangirnar í skottinu svo við spyrjum um veiðileyfi í ánni. Þá segir stúlkan við mig: „Það eru því miður engin veiðileyfi til í aðalánni, bara fyrir ofan laxastigann.“ „Er ekki silungur þar?“ Jújú, og við kaupum leyfin og fórum út um morguninn. Ég fékk tvo laxa og svo þennan sem strákurinn er með á myndinni.

Svo komum við heim í hádeginu og konan ætlaði ekki að trúa okkur. Það drifu þarna að formaður veiðifélagsins, Sigurður Lárusson, og nokkrir bændur til að sjá laxana því þeir vildu varla trúa þessu. Svo koma þeir í hádeginu sem voru að veiða í aðalánni. Þeir höfðu ekkert fengið eftir tvo og hálfan dag og ætluð bara að hætta. Svo ég fala af þeim veiðileyfið þennan hálfan dag sem þeir áttu eftir og þeir selja mér hann fyrir eitthvert smáræði því þeir töldu að áin væri fisklaus.

Við höfðum aldrei veitt þarna en römbuðum í þokunni að ánni þar sem heitir Gljúfrahylur. Stöngin var tilbúin í skottinu og meðan konan og strákurinn eru að gera sig til var ég búinn að setja í lax. Og þarna fengum við sjö laxa á hálfum degi, og strákurinn fékk þarna sinn fyrsta lax, Mariulaxinn, í þessari fisklausu á – og allt á fluguna Birnu. Málið er að þessir menn höfðu bara aldrei reynt að veiða á flugu.

Þegar ég kom í bæinn skrifaði ég veiðimálastjórn og það varð til þess að laxastiginn var viðurkenndur og Breiðdælingar fengu hálfa milljón í styrk. Morgunveiðin var sem sagt hálftrar milljón króna virði.

### Formenska í LS

**Þegar Rafn var í stjórn Landssambands Stangaveiðifélaga var fiskeldið sú bóla sem átti að bjarga efnahagslífi landsins, en stangaveiðimenn óttuðust eðlilega hvaða áhrif það hefði á náttúrulega stofna í ánum. Á þessum árum eru fyrstu eldisstöðvarnar að hrynja og útlitið var ekki gott.**

Landssambandið var stofnað árið 1950. Ég var níu ár í stjórn og síðustu þrjú árin sem formaður. Ég tek við af Gylfa Pálsyni 1987, en hann var þá að fara til Danmerkur til náms. Það voru mörg brýn mál á dagskrá hjá sambandinu en mitt fyrsta verk var að afla fjár til starfseminnar og besta leiðin til þess var að ganga í ÍSÍ. Þá hefðum við fengið peninga eins og önnur íþróttafélög úr Lottó-sjóðnum. En til þess þurftu félögin að skilgreina starfsemi sína sem íþrótt og ganga í svæðissamböndin á hverjum stað.

Ég talaði fyrir þessu í þau þrjú ár sem ég var formaður en fékk aldrei neinar undirtektir — fulltrúar Stanga-veiðifélags Reykjavíkur voru á móti. Við stöðum líka fyrir happdrætti sem gekk ágætlega og þegar ég skildi við var kominn samilegur sjóður, líklega um þrjár milljónir.

Við gerðumst aðilar að Nordisk sportfiskerunion (NSU) árið 1966 og sendum fulltrúa á þing þess. Við höldum þing sambandsins einu sinni hér á landi. Þá var farið með fulltrúana í Norðurá og allir mjög ánægðir. En þetta var eitt af því sem varð að skera niður vegna kostnaðar. Við höldum kastkeppnir fyrsta árið, bæði fluguköst og spinn. Þau voru haldin í porti við Nóatún og þar var veiðar-færaverlusn til húsa. Árið eftir höldum við keppnina við Laugardalshöll. Eingöngu var keppt í lengdarköstum, ekki nákvæmnisköstum, og mig minnr að sömu menn hafi unnið allar keppnirnar, Ástvaldur Jónsson og Halldór Erlendsson. Um þetta má lesa í Veiðimanninum frá þessum tíma.

### Silungsveiði fyrir alla

Við unnum mikið að því að auglýsa og kynna stangaveiðiíþróttina sem heilbrigða og heillandi íþrótt fyrir alla fjölskylduna, og þá fyrst og fremst silungsveiðina. Veiðidagur fjölskyldunnar var tekinn upp í tíð Gylfa en við höldum honum áfram.

Þá áttum við aðild að Samstarfsnefnd um silungsveiði, ásamt Búnaðarfélaginu, Ferðaþjónustu bænda, Landsambandi veiðifélaga og Vatnafangi, félagi silungsveiðibænda. Þessi nefnd gaf út vandaðan átta blaðsíðna bækling sem hét Fjölskyldan og silungsveiðin, og var dreift í alla 12 ára bekkir landsins. Ég samdi þetta að mestu og lagði til myndirnar, hannaði og prentaði. Það var heilmikil fyrirhöfn að fá að dreifa þessu í skólana, við þurftum að tala við ráðherra; en það hafðist og ráðuneytið sá um dreifinguna. Þetta var bara gert einu sinni.

Við reyndum að koma bændum í skilning um að það væri ekki unnt að auka silungsveiði, fá fólk til að fara í



Barnabarnabarn Hjörtur Már og vinur hans með sína fyrstu veiði úr Hlíðarvatni

silungsveiðivötn, nema til væri aðstaða til snyrtingar, vaskur og salerni. Við fengum þá til að koma upp aðstöðu á tveimur stöðum en umgengnin var svo slæm og mikill sóðaskapur að það var eiginlega bara hreint svínarí og sjálfhætt.

Í þessu starfi fór ég um allt land, fjallaði um veiðisvæði og kynnti veiði-íþróttina hjá hverju veiðifélaginu af öðru hringinn um landið, hjá mörgum oftast en einu sinni. Þetta var gríðarleg vinna og undirbúningur, til dæmis að taka saman þessi kynningarerindi. Maður var tvö þrjú kvöld að raða myndum. Ég var tvisvar eða þrisvar hjá Ármönnum á fyrstu árunum og sýndi þeim meðal annars myndir frá urriðasvæðinu í Laxá í Þing. Þeir voru svo hissa þar sem ég sást vaða úti í miðja á og einn þeirra sagði: „Já, svona ferðu þá að þessu. Ég hef alltaf veitt frá bakkanum þarna og aldrei fengið neitt.“ Ég þekkti urriðasvæðið í Laxá vel og óð alveg þvers og kruss, bæði niðri í dal og uppfrá, ég var mikill vaðall á þessum árum.

Áhugamálin og áherslurnar voru mjög mismunandi og margir veltu fyrir sér tilgangi þess að eyða peningum og tíma í að hafa landssamband, það voru skiptar skoðanir þá eins og nú um það hvað slíkt samband ætti að gera. En menn gátu sameinast um hagsmunir.

Stangaveiðifélag Reykjavíkur var langstærsta félagið og bauð í veiðisvæði víða á landinu. Litlu félögunum fannst stóri bróðir ráða öllu og yfirbjóða allt. Þá sagði ég: „Áttið ykkur á því, drengir mínir, að það þarf að tala saman um hvernig á að bjóða og hvernig á að rekja árnar. Landsambandið er vettvangurinn sem við höfum til þess.“ Þeir gerðu bara grín að þessu og sögðu þetta tilgangslaust.

Nokkrum dögum síðar er ég með fræðslufund á Akranesi og þá segja þeir þetta sama, að stóri bróðir gini yfir öllu. „Hvað mundu þeir segja ef við byðum í Elliðaárnar?“ Ég sagði: „Taktu símann og talaðu við Jón Baldvinsson formann um hvort þið getið komið ykkur saman.“ Hann gerði það og Jón tók vel í samstarf sem síðar varð og margir eru að stunda, en bara ekki nógu margir. Ég vil að fólk tali saman og vinni saman, og LS er vettvangurinn til þess. Veiðileyfin hækka meðal annars af því félögin eru að bjóða hvert á móti öðru eins og gerst hefur síðustu árin.

En að öðru leyti voru menn ekkert sammála né sannfærðir um að ástæða væri til að eyða fé og fyrirhöfn í að halda saman. Árið 1978 voru 25 félög í

### Gagn eða blaður

Það var heilmikill kraftur í starfinu. Við gáfum út ársskýrslu á hverju ári,

sambandinu en þegar ég tók við voru þau komin niður í 14, en við áætluðum að í landinu væru 60 til 70 starfandi veiðifélög. Það hefði verið erfiðara fyrir stjórnvöld að skella skollaeyrum við málstað okkar ef allir hefðu staðið saman.

En mönnum fannst þetta alltof mikið í lagt og mikið blaðað og mikið skrifað. Það tók eðlilega dálitinn tíma að lesa ársskýrsluna á fundum, sumir nemtu ekkert að hlusta á þetta, vildu bara heyra veiðisögur. Einu sinni var ég að sýna myndir hjá Stangaveiðifélaginu og þær voru mikið af landslaginu, gróðri og fuglum, og þá gellur í einum: „Hvað, er engin veiði þarna?“

#### Helstu baráttumálin

Fólk áttaði sig ekki á því að maður var að reyna að kenna fólki á náttúruna. Það er miklu meira við veiðiskapinn en veiðin sjálf, það er líka útivistin. Ég tók saman helstu baráttumál mín hjá LS í bókarkafli sem birtist í 50 ára afmælisriti Stangaveiðifélagsins árið 1989 og heitir þessu trúir enginn. Þar eru þau í sex liðum:

- Að breyta þeirri mynd að stanga-veiðin sé einungis fyrir fáa forrika karla, hún sé miklu fremur fjölskylduþrótt þar sem hvorki misrétti kynja né kynslóðabil þekkest.

- Að láta heilsuræktina og íþróttina sem slíka fremur fljóta uppi en aflamenskuna.

- Að opna Arnarvatnsheiðina almenningi og sjá þar myndast eins konar ferða- og veiðifólkvang.

- Að Landssamband stanga-veiðifélaga eignist sitt eigið húsnæði til að efla samstöðu stanga-veiðifélaganna og veita þeim nauðsynlega þjónustu.

- Að kenna stangaveiðifólki að meta svo forréttindi okkar, hreint loft, ómengi vatn og ægifagra náttúru, að það láti hvorki tangur né tetur sjást eftir sig á veiðistað.

Sumt af þessu hefur þokast áfram, annað ekki nóg. Nú eru alltof margir komnir í veiði og ég dauðsé eftir því að hafa staðið í þessu — bætir Rafn við og hlær.

Ég lagði mikla vinnu í það sem ég var að gera á þessum tíma, kynna stangaveiðina um landið, taka saman þessar skýrslur, gefa þær út og bæklinginn fyrir skólana. Ég lagði líka vinnu í margt annað, aðildina að ÍSÍ og veiðidag fjölskyldunnar. Ég man að þegar þriggja ára formennsku lauk og ég kom aftur í fyrirtækið sagði Kristín kona mín: „En ánægjulegt að fá aftur forstjórnann en losna við formanninn.“

#### Veiðin er vinskapur ...

Ég er fæddur á Lækjarbakka, nánar tiltekið í fallettu litlu húsi sem heitir Sveinsbær eftir móðurafa mínum, Sveini Auðunssyni, sem byggði það við Lækjargötu 6 í Hafnarfirði. Líklegast eru það forlög að fá að alast upp í nálægð við lífsbjörgina og síðar lífsfyllinguna, — silungana.

Allir okkar félagar, hjónanna, hafa komið gegnum veiðiskap, Stanga-veiðifélag Reykjavíkur, Streng, Armenn og Stakkavík. Við höfum veitt saman þrenn hjón í 40 ár, sennilega lengur, sá elsti verður 90 ára bráðlega, Gunnar J. Friðriksson (#164), en Bragi Hannesson (#161) er eitthvað yngri en ég. Ég fékk þá til að ganga í Armenn fljótlega eftir að ég gekk í félagið en veit ekki hvort þeir eru þar enn.

Við byrjum veiðitímam alltaf saman á að kveðja veturinn einhvers staðar síðasta vetrardag. Við höfum farið ýmislegt en síðustu tíu eða tólf ár höfum við farið í veiðihúsið við Grenlæk, sem hann á hann Erlendur á Seglbúðum. Síðastliðið sumar fór Eyjafjallajökull að gjósa svo við komumst ekki, en núna ætlum við að fara þangað sumardaginn fyrsta. Við veiddum stundum hjá Erlendi en erum hætt því, en við höfum veitt í nærliggjandi vötnum, Hæðargarðsvatni og Skaftá og veitt þar stóra urriða og sjóbirtinga. Félagsskapurinn er aðalatriðið og aðstaðan er frábær.

#### ... og heldur mér gangandi

„Stangaveiðin heldur mér gangandi“ — sagði Krisján í Crystal einhvern tíma í viðtali við Veiðimanninn. Ég get tekið undir það. Ég fór til Skotlands í fyrsta skipti síðastliðið haust ásamt syni mínum Jóhanni. Við sáum þá að við eigum ýmislegt ólært í veiðinni þar sem við vorum að kasta með tvíhendu í fyrsta sinn. Ég var að skrifa stangaveiðiframleiðanda í Bandaríkjunum og hef verið að kaupa mér ný hjól og fleira. Ég ætla að prófa speylinur eins og við sáum í Skotlandi. Ég verð 83 ára á þessu ári og mér finnst ég enn vera að bæta við mig og læra.

Rafn sýnir okkur flugubox með nokkrum silungaflugum í snyrtilegri röð: ... og ég er þegar byrjaður að velja flugur í fyrstu veiðiferðina.

#643 skráði

Myndir úr safni Rafns Hafnfjörð

# XXXVI Aðalfundur Ármanna

1. Formaður setti fundinn og stakk upp á Svend Richter sem fundarstjóra og Ágústi Ú Sigurðssyni sem fundarritara.

2. Svend tók við fundarstjórn og lýsti fundinn löglegan.

3. Formaður bað menn að standa upp og minnst látinna féлага.

4. Fundarritari las fundargerð XXXVI aðalfundar og var hún samþykkt með athugasemd um heiti Landssamband Stangveiðifélaga, sem þar hafði misritast.

5. Formaður flutti skýrslu um starfsemi stjórnar og fastanefnda síðastliðið ár. Skráðir 303 félagar, 18 gengu inn og 6 féllu af skrá. Gjaldfrír eru 70 og 5 með hálf gjald. Haldnir voru 14 bókaðir stjórnarfundir. Hann sagði frá helstu atburðum í starfi félagsins og fjárhagi þess. Skýrsla formanns í heild fylgir fundargerð þessari. Engar athugasemdir komu frá fundarmönnum.

6. Gjaldkeri gerði grein fyrir rekstri félagsins og horfum fyrir næsta ár. Á þessu rekstrarári var bókfært tap upp á 907 þús krónur. Fór hann yfir helstu útgjaldaliði sem valda tapinu og hvernig ætlun stjórnar væri að taka á málunum á næsta rekstrarári. Þá fór hann yfir útreikninga á því hve mikið megi ætla að hver félagsmaður kosti eða m.ö.o. hvað félagsmenn fái fyrir félagsgjald sitt. Ennfremur sagði hann frá endurskipulagningu og endurnýjun á starfskröftum sem annast bókhald og endurskoðun fyrir félagið. Björgvin Guðmundsson spurði um kostnað vegna útgáfu og dreifingar Áróðs og gjaldkeri skýrði hann út. Engar aðrar athugasemdir komu fram og voru reikningarnir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ákvörðun árgjalds og inntökugjalds. Formaður fór yfir helstu útgjaldaliði pr. féлага og leggur til að árgjald verði óbreytt, 7500 krónur og inntökugjald verði einnig óbreytt, 10.000 kr. Umræða var engin og tillagan samþykkt einróma.

8. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga. Úr stjórn gengur Hilmar Finnsson, formaður og hafði ein tillaga um stjórnarmann í hans stað borist auk einnar tillögu um formann. Því er Árni Þór Sigurðsson réttmætt kosinn nýr maður í stjórn og Eiríkur I Bjarnason nýr formaður. Skoðunarmenn reikninga; Sigurður Jónsson, Halldór Lárusson ásamt Erni Guðmundssyni til vara eru einnig allir sjálfkjörnir.

9. Önnur mál.

- a. Fundarstjóri þakkaði fráfarandi formanni fyrir vel unnin störf í 4 ár í formannsstól og tók fundurinn undir orð hans með standandi lófataki.



Sigbjörn Kjartansson, Sveinn Agnarsson og Eiríkur Indriði Bjarnason.

Fremri röð frá hægri: Árni Þór Sigurðsson, Bragi Valur Egilsson, Ágúst Úlfar Sigurðsson og Baldur Sigurðsson. Myndina tók félagi Hannes Svanur Grétarsson #811.

Nýtt skilti yfir dyrum Árósa sýnir hringina vel og lesendur Áróðs taka eftir því að blaðið hefur fengið nýjan haus úr smíðju Rafns, vatnsmeira letur þar sem hringirnir njóta sín.

b. Eiríkur I Bjarnason, hinn nýkjörni formaður steig í pontu og þakkaði fundinum traustið sem honum er sýnt. Einnig bauð hann Árna Þór velkominn til starfa í stjórn Ármanna. Þá renndi hann lauslega yfir verkefni í nánustu framtíð og hvatti fundarmenn til dáða. Loks færði hann fráfarandi formanni þakklætisvott frá félaginu, bók og blómvönd.

c. Jafet Ólafsson, annar af fulltrúum

Ármanna í Landssamtökum Stangveiðifélaga, fræddi fundarmenn um stöðu LS og starfsemi sem hefur verið með minnsta móti. Til að mynda var enginn aðalfundur haldinn á liðnu starfsári þess.

d. Hilmar Finnsson þakkaði falleg orð í sinn garð og gjafir.

10. Fundi var slitið um kl. 21:20 og gengið til kaffidrykkju.

11. Fjöldi fundarmanna var 24.

## VEIÐILEYFI

Eftirfarandi veiðileyfi eru laus til umsóknar. Hér eru margir góðir dagar með fyrirheit um væna fiska og góðar stundir. Það sem ekki selst fyrir aprílbyrjun fer inná sóluvefinn [Leyfi.is](http://Leyfi.is) til almennra sölu og munu leyfin hækka eitthvað við það. Sveinn gjaldkeri Ármanna mun sjá um að svara umsóknum félagsmanna sendum á [armenn@armenn.is](mailto:armenn@armenn.is). Við bendum áhugasömum á að skoða Áróð frá desember 2010 þar sem allar upplýsingar um verð og veiðisvæðið koma fram. Góða skemmtun!

Hliðarvatn	16. ág.	17. ág.	17. sept.
4. júlí 5000	3000	3000	4000
5. júlí 5000	3000	3000	4000
6. júlí 5000	3000	3000	3000
8. júlí 5000	3000	3000	3000
12. júlí 5000	4000	3000	3000
13. júlí 5000	3000	3000	3000
14. júlí 5000	3000	3000	4000
17. júlí 6000	3000	3000	4000
18. júlí 5000	4000	3000	3000
19. júlí 5000	3000	3000	3000
20. júlí 5000	3000	3000	3000
21. júlí 5000	3000	3000	3000
22. júlí 5000	1. sept. 3000	3000	3000
25. júlí 5000	2. sept. 3000		
26. júlí 5000	5. sept. 3000		
27. júlí 5000	6. sept. 3000		
28. júlí 5000	7. sept. 3000		
29. júlí 5000	8. sept. 3000		
5. ág. 3000	12. sept. 3000		
7. ág. 4000	13. sept. 3000		
8. ág. 3000	14. sept. 3000		
9. ág. 3000	15. sept. 3000		
15. ág. 3000	16. sept. 3000		
		17. sept. 4000	
		18. sept. 4000	
		19. sept. 3000	
		20. sept. 3000	
		21. sept. 3000	
		22. sept. 3000	
		23. sept. 3000	
		24. sept. 4000	
		25. sept. 4000	
		26. sept. 3000	
		27. sept. 3000	
		28. sept. 3000	
		29. sept. 3000	
		30. sept. 3000	
			<b>Grímsá</b>
			5 maí 3900
			6 maí 3900
			9 maí 3900
			4 okt. 15500
			<b>Skógá 26 -28 sept 4 38000</b>

#### Svartá

##### Júní:

5, 6, 13, 14, 16, 17, 20.

##### Júlí:

12, 14 (3 stangir lausar), 15, 16, 17, 18, 19, 21, 28, 29, 30, 31 (1 stöng laus)

##### Ágúst:

1 (1 stöng laus), 8, 9, 15, 19, 20, 21, 22, 23, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31

##### September:

1, 2, 6, 8, 9, 11

# Skýrsla stjórnar á 37. aðalfundi Ármanna 9. febrúar 2011

Ágætu fundarmenn, fundarstjóri og ritari

Skráður fjöldi Ármanna var nú um áramótin 303. Fyrir ári var samsvarandi tala 291. 18 gengu í félagið á seinasta ári og látnir og afskráðir voru 6, en sú tala var 26 árið þar á undan. Það er allgóð tilfinning að okkur skuli fjölga á þessum krepputíma og ekki fækka, en þetta helst aðeins í hendur við fjölgun fæðinga á landinu.

Af þessum greiða 70 félagar ekkert árgjald og 5 greiða hálf.

Rétt er að minna á að samkvæmt lögum okkar, sem við breyttum lítilsháttar fyrir ári, þurfa þeir félagar sem ná til þess lífaldri og veru í Ármönnum, nú að tilkynna stjórninni ef þeir vilja verða gjaldfrír.

Stjórn félagsins breyttist á seinasta aðalfundi, þegar tveir nýir menn komu inn í stjórn félagsins, þeir Bragi Valur Egilsson og Sigbjörn Kjartansson, í stað þeirra Ragnars Björgvinssonar og Arnar Daníelssonar. Þar varð sem oft áður, að tveir góðir komu í stað tveggja góðra. Stjórn Ármanna starfsárið 2010 var því þannig skipuð:

**Formaður:** Hilmar Finnsson

**Varaformaður:** Baldur Sigurðsson

**Gjaldkeri:** Sveinn Agnarsson

**Ritari:** Ágúst Ú. Sigurðsson

**Meðstjórnendur:** Eiríkur I. Bjarnason, Bragi Valur Egilsson húsnefndarformaður og Sigbjörn Kjartansson.

Haldnir voru 14 bókaðir stjórnarfundir á starfsárinu auk margra vinnu- og samráðsfunda með nefndum og öðrum.

Starfandi nefndir og sértæk umsvif félagsins voru skipuð eftirfarandi mönnum:

**Húsnefnd:** Hjálmar Sæbergsson formaður, Gísli Jón Helgason, Ásbjörn Jónsson, Egill Örn Árnason, Bragi Valur Egilsson og Örn Daníelsson. Á árinu bættist svo Sigurður Helgason í þennan fína hóp.

**Hlíðarvatnsnefnd:** Halldór Sigurðsson formaður, Ásgeir Ásgeirs-



Á myndinni eru frá hægri; Ágúst ritari aðalfundar, Hilmar Finnsson fráfarandi formaður, Svend Richter aðal-fundarstjóri.

son, Kristján K. Haraldsson, Bjarni M. Svavarsson og Garðar Magnússon.

**Ritnefnd:** Eiríkur Indriði Bjarnason ritstjóri, og Dagur Jónsson

**Umsjónarmaður heimasíðu:** Eiríkur Indriði Bjarnason

**Skoðunarmenn:** Halldór Lárússon og Sigurður Jónsson til margra ára og til vara Örn Guðmundsson.

**Fulltrúar í LS:** Jafet S. Ólafsson og Sigbjörn Kjartansson

**Fulltrúi í stjórn Leyfi.is:** Jón Ólafur Skarphéðinsson og til vara Sigbjörn Kjartansson

Fjárhagur félagsins verður til sérstakrar umfjöllunar undir næsta fundarlið. Þar mun koma fram að nokkuð tap varð hjá félaginu og hefur stjórnin eðlilega velt því vel fyrir sér með hvaða hætti megi lágmarka það eða snúa við á þessu ári. Nokkrar ástæður fyrir tapinu eru þær helstu framkvæmdir og viðhald á Árósum, tap á veiðsvæðunum Skógá og Skálmardalsá, aukinn kostnaður við aðföng og rekstur og svo að árgjald hefur ekki verið hækkað í hlutfalli við hinn aukna rekstrarkostnað.

Í félagslífinu 2010 voru helstu liðir með venjubundnum hættir þessir:

Laugardagskvöldið 30. janúar var hið árvissa þorrablót haldið og þá setið hér hverju sæti. Þar flutti ræðu kvöldsins Ragnar Hólm, frábæra tónlist spiluðu af fingrum fram þeir Hjörleifur Valson, Vadim Fedorov og Gunnar Hilmarsson og almennum söng stjórnðu Guðmundur Haukur og Ólafur W. Finnsson.

Meðal kynninga snemmvorsins var erindi um bleikjustofna í stöðu-

vötnum og umhverfisbreytingar sem okkur flutti Hilmar J. Malmquist forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs.

17. apríl var svo vorblótið sem einnig er árviss haldið og var rétt svo að húsnæðið dygði til.

24. og 25. apríl var félögum boðið til Hlíðarvatnshreinsunar og leiðsagnar þar sem Sefán B. Hjaltested eldaði eðalsúpu og var sérstaklega gleðilegt að sjá hversu margir komu þar með börn sín og unglinga.

Um miðjan maí lauk vetrarstarfi í Árósum eins og venjulega.

Farin var ein auglýst hópferð Ármanna í vötnin sunnan Tungnaár undir forystu Guðmundar Hauks. Fín ferð sem varð hvati manna til fleiri ferða síðar um sumarið.

Mánudagskvöldið 25. október opnuðu Árósar á ný eftir sumarið með hefðbundinni viðveru húsnefndarmanna á mánudags- og miðvikudagskvöldum. Allmargir arburðir voru hér í nóvember, en þann 3. flutti Ágúst Ú. #2 upp úr erlendum veiðiblöðum athyglisvert efni, þann 10. fór Baldur Sigurðsson # 643 með sínum hætti í bókahilluna okkar og þann 19. var skemmtikvöld haldið.

8. desember var boðið upp á aðventukaffi með bókakynningu.

Áróður kom út sex sinnum á árinu. Vegna kostnaðar við blaðið var töluvert um það rætt á árinu, hvort ekki ætti að fækka blöðum enn frekar, en stundum hafa þau verið allt að átta á vetri. Óvíst er hvort blöðin nú frá áramótum til vors verði tvö eða þrjú. Fækkun blaða er meðal þeirra möguleika sem við höfum til að draga úr

rekstrarkostnaði félagsins.

Skil veiðileyfaumsókna voru fyrir lok miðvikudags 5. janúar. 118 félagar skiluðu þá inn umsóknum, en meðalskil umsókna hafa legið á bilinu 110-130 undanfarin ár.

Úthlutun fór fram í vikunni á eftir og lauk afgreiðslu veiðileyfa í janúarlok.

Í veiðisvæðaframboði seinasta sumars voru Hlíðarvatn, Húseyjarkvísl, Skálmardalsá, Vatnsá, Skógá auk vatnanna í Landmannafrétti sunnan Tungnaár. Vel var sótt í Hlíðarvatn að venju í maí, júní og júlí en minna í ágúst og minnst í september. Hollin í Vatnsá seldust bæði og öll nema eitt í Húseyjarkvísl, en í Skálmardalsá og Skógá var minna sótt og varð af nokkurt tap. Svo virðist sem áhugi fyrir Skálmardal sé sveiflukenndur og að sveiflan taki 5-6 ár, en víst er að veiði þar hefur dregist verulega saman hin síðari árin eins og víðar á bleikjustöð. Ármenn sátu uppi með tvö holl í Skógá seinni hluta septembar, sem ekki seldust þrátt fyrir mikinn áróður og að fiskur væri nógur og áhrif gossins í rénun.

Samstarf félaganna við Hlíðarvatn var með hefðbundnum hætti. Sameiginlegur fundur var haldinn í Skíðaskálanum í Hveradölum 6. nóvember þar sem lagðar voru m.a. fram veiðiskýrslur með aflaniðurstöðum sem sennilega verða kynntar sérstaklega á komandi vordögum. Rætt var þar einnig um hvernig verjast mætti innbrotum og hver áhrif hins nýja Suðurstrandarveggar yrðu.

Af vettvangi Landssambands stangaveiðifélaga er það helst að formannafundur var haldinn í nóvember en enginn aðalfundur. Ármenn eiga þar nú tvo fulltrúa í stjórn, þá Jafet Ólafsson sem er gjaldkeri og Sigbjörn Kjartansson sem situr í varastjórn, en varamenn taka fullan þátt í starfinu. Annar þeirra mun væntanlega gera nánari grein fyrir málu LS á eftir.

Ágætu fundarmenn! Lestri skýrslu stjórnar er lokið og ég þakka fyrir gott hljóð.

HF




**WÜRTH**

Wurth á Íslandi ehf.  
wurth@wurth.is  
www.wurth.is  
Sími: 530 2000  
Freyjunesi 4  
603 Akureyri

Vesturhrauni 5  
210 Garðabæ  
Bildshöfða 16  
110 Reykjavík  
Smíðjuvegi 11  
200 Kópavogi

4 verslanir



Þann 17. nóvember sl. komu feðgar færandi hendi í Árósa. Færðu þeir félaginu stóra öskju fulla af flugum hnýttum af Hreini Haraldssyni sem var formaður Ármanna á tímabilinu frá nóvember 1983 til ágúst 1985. Þeir feðgar eru afkomendur Hreins og heita Haraldur Hreinsson og sonur hans Daníel Haraldsson. Daníel er á myndinni ásamt varaformanni Ármanna, Baldri Sigurðssyni, sem veitti gjöfinni viðtöku. Valdar flugur úr öskjunni verða seinna meir til sýnis í Árósum. Kunnum við þeim feðgum bestu þakkir fyrir.



# Vetrardagskrá í Árósum 2011

## Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20.00-22.00

Opið hús á miðvikudagskvöldum frá kl. 20.00-22.00

## Auglýstir viðburðir

2. mars, miðvikudagur: Jón Þór Júlíusson kynnir veiðisvæði Grímsár, Tungnár og víðar.

7. mars, mánudagur: Árni Þór sýnir fluguhnýtingar með UV-lími að hætti Davy McPhail

9. mars, miðvikudagur: Guðjón Kristleifsson segir frá stangveiðum við Kúbustrendur.

16. mars, miðvikudagur: Kynning á vötnunum sunnan Tungnaár.

23. mars, miðvikudagur: Kynnig á Joakim's stangveiðibúnaði.

30. mars, miðvikudagur: Erindi um fiskisjúkdóma.

6. apríl, miðvikudagur: Brynjólfur Mogensen læknir gefur góð ráð varðandi skyndihjálp.

9. apríl, laugardagur: Vorblót. (ath. breytt frá áður ákveðinni dagsetningu)

16. apríl, laugardagur: Hlíðarvatnshreinsun.

**ATH. Ef auglýsta viðburði ber upp á sömu daga og reglulega dagskrá eins og t.d. Skegg og Skott eða viðlíka, þá fellur regluleg dagskrá niður.**

## Við bjóðum eftirfarandi nýja félagsmenn sérstaklega velkomna til liðs við okkur.

296 Daníel Gunnsteinn Haraldsson  
771 Gestur Traustason  
820 Freyr Frostason  
821 Haraldur Hreinnsson  
822 Hjörtur Oddsson

823 Jónas G Ragnarsson  
824 Grétar Guðnason  
825 Ingvar Ingvarsson  
826 Björn Marteinnsson  
827 Fannar Venharðsson

829 Þorgeir Ólafsson  
830 Albert K. Imsland  
831 Ragna Árnadóttir

## Nýliðar velkomnir

Um leið og við bjóðum nýja félagsmenn velkomna í félagið viljum við bjóða þeim sérstaklega að kíkja í heimsókn í Árósa miðvikudagskvöldið 2. mars kl. 19.20. Þá gefst nýjum félagsmönnum tækifæri á að spyrja spurninga um félagið og starfsemina. Þetta er aðeins áður en sama kvöld og kynning fer fram á veiðisvæðum Tunguár í Lundareykjadal og Grímsár í Borgarfirði. Verið velkomin í Árósa.



# Fluguhnýtingaefni

Mesta úrval landsins af fluguhnýtingarefni  
Afsláttur til Ármanna

## Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugarveg 178 sími 551 6770 [www.vesturröst.is](http://www.vesturröst.is)

### ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Árni Þór Sigurðsson, [arni@garri.is](mailto:arni@garri.is).

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf. [www.armenn.is](http://www.armenn.is) / [armenn@armenn.is](mailto:armenn@armenn.is)